

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar F1 (smáhúsasvæðis) á Hólmavík í Strandabyggð.

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 13. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar F1 (smáhúsasvæðis). Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytta staðsetningu lóðarinnar við Borgabraut 37 þar sem lóðin færir til norðurs að skilgreindum mörkum landnotkunar samkvæmt aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hólmavík, 16. maí 2018.*

**Gísli Gunnlaugsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2018